



Borgarráð

Rangársel 8, afnotasamningur um borgarland.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afnotasamning um 222 fermetra borgarland við Rangársel við Krílasel ehf. kt. 700818-0390, Rangárseli 8, 109 Reykjavík.

Greinargerð: Krílasel hyggst starfrækja einkarekin ungarnaleiksskóla við Rangársel 8, sem er á einni heildarlóð ásamt fleiri húsum sem býður ekki uppá ásættanlegt leiksvæði fyrir ungabörn. Er því nauðsynlegt að skapa leiksvæði fyrir skólann á borgarlandi. Skóla- og frístundasvið er fylgjandi starfrækslu skólans. Greitt er fyrir afnotin gegn greiðslu hlutfallslegrar lóðarleigu nærliggjandi lóðar og er samningurinn tímabundinn til 10 ára með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Afnotasamningur um borgarland dags. 23.11.2018 ásamt afstöðumynd dags. 20.11.2018.

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, ráðhúsinu við Tjörnina annars vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 5704800149, Tjarnargötu 12, hins vegar og Krílasel ehf. kt. 700818-0390, Rangárseli 8, Reykjavík, hins vegar gerir hér með svofelldan afnotasamning um 222 fermetra borgarland við Rangársel sem afmarkað er á meðfylgjandi afstöðumynd dags. 20.11.2018, unna af Landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar sem telst hluti þessa samnings:

Gildistími.

1. Afnotaréttur þessi er til 10 ára. Leiga greiðist fyrir afnotin sem tekur mið af lóðarleigu Rangársels 8, Reykjavík og er hún 43.470.- á ári.

Gjalddagi.

2. Gjalddagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjalddagi er 1. apríl 2019.

Uppsagnarfrestur.

3. Afnotarétti þessum er hægt að segja upp með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Skil á afnotasvæði.

4. Sé afnotarétti þessum sagt upp skal skila afnotasvæðinu í því ástandi sem það var í þegar afnotin hófust.

Samráð við framkvæmdir.

5. Allar framkvæmdir á afnotasvæðinu skulu unnar í samráði við umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (rekstur og umhirða).

Gildisskilyrði.

6. Afnotasamningur þessi er háður því skilyrði að Krílasel ehf. fái útgefið starfsleyfi fyrir rekstur ungbarnaleikskóla að Rangárseli 8, Reykjavík. Fellur hann niður ef starfsleyfi er ekki gefið út eða ef það fellur niður.

7. *Afhending og upphaf leigutíma.*

Svæðið afhendist 1.4.2019 og hefst þá leigutími.

Nýting á hinu leigða.

8. Óheimilt er að nýta hið leigða fyrir aðra starfsemi en fyrir leiksvæði vegna leikskólastarfsemi. Svæðið skal vera opið almenningi utan starfstíma leikskólans. Halda skal svæðinu þrífalegu og haga umgengni skv. reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim einkum 7. gr.

Riftun.

9. Brot á 8. lið varðar riftun samnings. Sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir leiguafnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

Reykjavík 23.11.2018.

Hallgrímur Þynnsson
Samþykki f.h. Królarsels ehf.

Alfreður Þ. Rúnar
Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs.


Vottar að rétttri undirskrift,
fjárræði og dagsetningu:

Dagný Þorarensdóttir
kt. 240870-2909

Sigurður Jónsson
kt. 100571-4639


Uppdráttur vegna afnotareits 4.938.7

Mælikvarði 1:500 (A3)



Hnitaskrá

Hnitakerfi Reykjavíkur 1951		
Nr.	X-hnit	Y-hnit
224	18064.1491	12694.2959
225	18063.2795	12694.8105
226	18049.4879	12695.5819
227	18044.4861	12693.3326
228	18044.2510	12686.1646
229	18047.6544	12682.9182
230	18062.7926	12686.8271
231	18064.8242	12691.3192
232	18064.5045	12692.1772
233	18065.0170	12692.3682



Afnotareitur: Skástrikaða svæðið, sem afmarkast af hnitpunktum nr. 224-225-226-227-228-229-230-231-232-233-234, er sérsíakur afnotareitur í borgarlandi sem tilheyrir Rangárseli 8 samkvæmt sérsökum afnotasamningi milli Rangársels 8 og Reykjavíkurborgar.



Handwritten signature in blue ink.